



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 8. júní 2016

UST201605-106/K.S.J.

10.04.03

Sveitarfélagið Hornafjörður
Skipulagsstjóri
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

**Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi fyrir Miðbæ í Sveitarfélaginu Höfn.
Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi fyrir tjaldsvæði og íbúðabyggð við Fiskhól Sveitarfélaginu Höfn**

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hafnar er barst 12. maí sl. þar sem óskað er umsagnar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi fyrir Miðbæ í Sveitarfélaginu Höfn.

Einnig er óskað umsagnar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi fyrir tjaldsvæði og íbúðabyggð við Fiskhól í Sveitarfélaginu Höfn.

Lýsing deiliskipulags fyrir Miðbæ í Sveitarfélaginu Höfn.

Í ofangreindri lýsingu koma fram markmið fyrir áætlað deiliskipulag, einnig koma fram helstu breytingar sem áætlað deiliskipulag mun hafa í för með sér.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu gerð grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Lýsing deiliskipulags fyrir tjaldsvæði og íbúðarbyggð við Fiskhól

Skipulagssvæðið

Í lýsingu kemur fram að ofangreint skipulagssvæði er um 7 ha að stærð og nær yfir tjaldsvæði, íbúðarbyggð og opið svæði við Fiskhól. Ofangreint tjaldsvæði er við Hafnarbraut, aðalgötuna á Höfn og er íbúðarsvæðið staðsett sunnan tjaldsvæðis og hefur byggst upp undanfarin ár. Einnig kemur fram að ekki er til deiliskipulag í gildi fyrir svæðið. Einnig kemur fram að svæðið er að mestu leyti grasi gróið.

Umhverfisáhrif

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að hljóðvist verði skoðuð þ.e. hvort um verulega hljóðmengun er að ræða frá tjaldsvæði yfir í íbúðabyggð. Einnig er mikilvægt að umferð gangandi manns sé ekki hindruð meðfram sjávarbakka.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við ofangreinda lýsingu.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson

Björn Stefánsson
Sérfræðingur